

Fimmtudaginn 11. maí 1989.

Nr. 173/1988. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Útvegsbanka Íslands hf.

(Garðar Garðarsson hrl.).

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní 1988. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsréttar Njarðvíkur verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd uppboðs á fasteigninni Fitjabraut 6 C, Njarðvík, sem krafist var af stefnda með uppboðsbeiðni 8. febrúar 1988. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru, „að staðfestur verði hinn áfrýjaði úrskurður um það, að fram skuli fara nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C í Njarðvík til lúkningar skuld skv. skuldabréfi, út gefnu af stjórn Skipasmiðjunnar Harðar hf. 25. nóvember 1986 til Útvegsbanka Íslands, upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000,00 (bundið lánskjaravísitölu).

Krafist er staðfestingur á ákvörðun héraðsdóms um málskostnað. Þá er þess krafist að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda ríflegan málskostnað fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti auk söluskatts til ríkissjóðs“.

Ágreiningi málsaðila er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði að öðru leyti en því, að höfuðstóll skuldabréfa þeirra, sem stjórn áfrýjanda gaf út 25. nóvember 1986, nam samtals 40.200.000,00, krónum, en ekki 40.200,00 krónum eins og misritast hefur í úrskurði uppboðsréttar.

Stefndi hefur lagt fram veðskuldabréf í ljósriti, svo sem heimilað er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987. Samkvæmt 1. tl. b. 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. veðlaga, nr. 18/1887, og 39. gr. laga nr. 68/1984, um

lögræði, er bréfið fullnægjandi uppboðsheimild. Fallast ber á það með héraðsdómara að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, verði beitt um kröfu samkvæmt veðskuldabréfi fyrir uppboðsrétti, enda sé fullnægt áskilnaði 3. tl. 207. gr. laganna. Þessum áskilnaði er hér fullnægt og verður því ekki gegn mótmælum stefnda komið að öðrum vörnum en samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laganna. Áfrýjandi hefur ekki lagt fram kvittun fyrir greiðslu þeirra vaxta, sem í gjalddaga voru fallnir, eða á annan þann hátt, sem tækur er samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936, sýnt fram á að vextirnir séu greiddir. Þar sem vextirnir voru löngu í gjalddaga fallnir var stefnda heimilt að gjaldfella bréfið. Með ofangreindum athugasemdum ber að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 150.000,00 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands hf., 150.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Njarðvíkur 26. maí 1988.

Með bréfi, dags. 14.12. 1984, fór Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. þess á leit að fasteignin Fitjabraut 6 C í Njarðvík (svokallað Landshafnarhús). þingl. eign Skipasmiðjunnar Harðar hf., yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld við Lífeyrissjóð verkalýðsfélaganna á Suðurnesjum, upphaflega að fjárhæð kr. 480.000,00, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar á grundvelli veðskuldabréfs, út gefins 6.4. 1983, tryggðs með 2. veðrétti í fasteigninni.

Uppboðsauglýsing var síðan gefin út 11.2. 1985 og birt í 35., 38. og 41. tbl. Lögbirtingablaðsins 1985, og var uppboðið þingfest 12.4. 1985. Við þingfestingu uppboðsins hafði borist uppboðsbeiðni Jóhanns H. Nielssonar hrl. f.h. Barkar hf. vegna fjárnámsskuldar, að fjárhæð kr. 93.398,60, ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði, dags. 13.3. 1988. Við þingfestingu var ákveðin sala á eigninni 31.5. 1985. Var fyrstu uppboðssölu á eigninni síðan frestað, fyrst til 6.9. 1985, þá til 31.10. 1985, en þá hafði Jóhann H. Nielsson hrl. afturkallað uppboðsbeiðni sína með bréfi, dags. 26.9. 1985.

Uppboðinu var síðan frestað til 29.1. 1986, síðan til 2.5. 1986, þá til 12.9 1986, en þá hafði borist uppboðsbeiðni Hafsteins Baldvinssonar hrl. vegna Stálvíkur hf. vegna skuldar, að fjárhæð kr. 78.123,00, auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámi, dags. 15.7. 1985, en sú beiðni var afturkölluð, áður en til uppboðspings kom 12.9. 1986. Uppboðinu var síðan frestað til 26.11. 1986, síðan til 4.2. 1987, þá til 22.4. 1987, síðan til 25.6. 1987 og 22.10. 1987, þá til 10.12. 1987, og var þá lögð fram uppboðsbeiðni Jóns Þóroddssonar hdl. vegna Búnaðarbanka Íslands, þar sem krafist var uppboðs vegna skuldar, að fjárhæð kr. 250.000,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar, en uppboðsheimild var fjárnám dags. 5.11. 1987.

Þann dag fór fram fyrsta sala á eigninni og var önnur og síðari sala ákveðin 10.3. 1988, og var þá lögð fram uppboðsbeiðni Njarðvíkurbæjar, dags. 16.11. 1987, vegna fasteignagjaldsskuldar, og uppboðsbeiðni sama aðila, dags. 15.12. 1987, vegna aðstöðugjaldsskulda, að fjárhæð kr. 439.722,00, á grundvelli lögtaks, dags. 7.12. 1987. Einnig var lögð fram uppboðsbeiðni Garðars Garðarssonar hrl. vegna Útvegsbanka Íslands hf. vegna veðskuldar, að fjárhæð kr. 3.500.000,00, auk vísitöluhækkunar, vaxta og kostnaðar, en uppboðsheimild var veðskuldabréf, út gefið 25.11. 1986. Á fyrsta uppboði eignarinnar var hæstbjóðandi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. vegna Lífeyrissj. verkalýðsfél. á Suðurnesjum með kr. 500.000,00.

Í uppboðsrétti 10. mars sl. var mættur af hálfu uppboðspóla Tómas Gunnarsson hrl. og mótmælti uppboðskröfu Útvegsbanka Íslands hf. vegna framangreinds veðskuldabréfs og óskaði eftir fresti til öflunar gagna og greinargerðar, og var þá ákveðið að taka mál vegna þessara mótmæla fyrir í uppboðsrétti Njarðvíkur 24. mars 1988. Fór síðan fram önnur og síðari sala á eigninni og var þá hæstbjóðandi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. vegna Lífeyrissj. verkalýðsfél. á Suðurnesjum með kr. 1.000.000,00, en ákveðið var þriðja og síðasta uppboð á eigninni miðvikudaginn 6.4. 1988 kl. 10.00. Áður en til þess uppboðs kæmi, afturkölluðu allir uppboðsbeiðendur uppboðskröfur sínar nema Garðar Garðarsson hrl. vegna framangreindrar uppboðsbeiðni Útvegsbanka Íslands hf. vegna veðskuldabréfs. Hinn 24. mars 1988 var mál þetta tekið fyrir í uppboðsrétti, og lagði þá uppboðspóli, Skipasmiðjan Hörður hf., sóknaraðili þessa máls, fram greinargerð í málinu ásamt nokkrum gögnum. Var málinu síðan frestað til 14. apríl sl. til framlagningar greinargerðar af hálfu uppboðsbeiðanda, varnaraðila máls þessa.

Í því þinghaldi var sátt reynd árangurslaust með aðilum og var ákveðinn munnlegur málflutningur og fór hann fram 28. apríl sl. og málið þá tekið til úrskurðar.

Krafa uppboðspóla er sú, að synjað verði um uppboð á fasteigninni Fitja-

braut 6 C, Njarðvík, vegna kr. 3.500.000,00 skuldabréfs, sem hvílir á 3. veðrétti eignarinnar, sbr. uppboðsbeiðni uppboðsbeiðanda, dags. 8. febrúar 1988. Hann krefst rökstudds úrskurðar og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ vegna reksturs uppboðsréttarmálsins.

Uppboðsbeiðandi gerir þær dómkröfur að fram fari þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C í Njarðvík með tilheyrandi lóðarréttindum og fylgifé, eign uppboðsþola, til lúkningar skuld sem getið er í uppboðsbeiðni og dagsett er 8. febrúar 1988. Hann krefst einnig málskostnaðar í máli þessu úr hendi uppboðsþola skv. gjaldskrá LMFÍ.

Uppboðsþoli telur meginatriði málavaxta vera þá að uppboðsþoli skuldi uppboðsbeiðanda skuld í samræmi við skuldabréf það sem uppboðsbeiðandi hafi lagt fram, það er höfuðstól bréfsins með á föllnum skuldabréfavöxtum síðan 1. maí 1987. Hann kveður uppboðsþola ekki skulda annað vegna þessa bréfs og telur bréfið vera í fullum skilum og ekki sé nokkur réttmæt ástæða til að bjóða veðið sem skuldabréfið hvílir á, til sölu á nauðungaruppboði. Samkvæmt hljóðan bréfsins hefði fyrst átt að greiða vexti af bréfinu 1. maí 1987, en sú fjárhæð sé í uppboðsbeiðni talin vera kr. 83.035,00, en næsta greiðsla samkvæmt hljóðan bréfsins eigi að fara fram 1. desember 1988. Hann telur því að einu mögulegu vanskilin, sem tengist skuldabréfinu, séu vaxtagreiðslan pr. 1987, kr. 83.035,00, en þessa fjárhæð telur uppboðsþoli sig hafa greitt með skuldajöfnuði við inneign sem hann hafi átt inni á hlr. 566 við útibú uppboðsbeiðanda í Keflavík. Þar hafi hann átt kr. 1.330.000,00. Með bréfi á dómskjali nr. 15 hafi verið óskað eftir því að vaxtafjárhæðinni pr. 5. maí 1987 væri skuldajafnað ásamt dráttarvöxtum sem þá lá ekki fyrir hverjir væru. Af hálfu uppboðsþola er talið ljóst, að fjárhæðin, kr. 1.330.000,00 hafi dugað ríflega fyrir þessari vaxtagreiðslu og raunar öllum vaxtagreiðslum af skuldabréfum pr. 1. maí 1987 og dráttarvöxtum af þeim.

Uppboðsbeiðandi telur málavexti vera eftirfarandi:

Uppboðsþoli hafi skuldað uppboðsbeiðanda mikið fé vegna ýmissa lána-fyrirgreiðslna og viðskipta, og hafi skuldir hans verið í miklum vanskilum. Hafi verið óskað eftir skuldbreytingu á vanskilunum og öðrum skuldum við bankann af hálfu forráðamanna uppboðsþola. Við þeirri málaleitan hafi verið orðið síðla árs 1986, með þeim hætti þó að ekki skyldi felast í því nein aukin langtímafyrirgreiðsla til uppboðsþola, því að skuldir hans hafi verið ærnar fyrir. Ekki hafi legið nákvæmlega fyrir hverjar skuldir skipasmiðjunnar við bankann voru, fyrr en lokið yrði uppgjöri, sem var talsvert viðamikið, enda var stöðug hreyfing á viðskiptunum.

Stjórn uppboðsþola hafi gefið út nokkur veðskuldabréf, dags. 26.11. 1986, samtals að höfuðstól kr. 40.200,00, (sic). Af bókhaldslegum ástæðum hafi nettóandvirði bréfanna verið lagt á sérstakan reikning, hlr. 566, sem

hafi verið skráð á nafn hans. Uppboðspoli hafi ekki haft heimild til að ávís á þann reikning í nokkur misseri. Til mótvægis hafi síðan skuldir hans verið skuldfærðar á þennan reikning, en nokkur tími hafi liðið frá því bréfin voru gefin út, þegar hægt var að „kaupa“ þau. Þegar uppgjóri hafi verið lokið, kom í ljós að samtala út gefinna skuldabréfa hafi verið of há miðað við þá lánsfyrirgreiðslu sem lofað hafi verið. Hafi þessi fjárhæð numið kr. 1.330.000,00 og hafi því höfuðstóll eins skuldabréfsins verið lækkaður um þá fjárhæð með sérstakri áritun á frumrit bréfsins, en skilmálum þess ekki verið breytt að öðru leyti. Til mótvægis við þessa lækkun hafi að sjálfsögðu verið færð sama fjárhæð út af reikningi 566. Að því loknu hafi reikningurinn verið með núllstöðu. Hins vegar hafi skuld á reikningnum á fyrsta gjalddaga lánanna verið kr. 1.734.138,00. Það sé hins vegar misskilningur hjá forráðamönnum uppboðspola eða vísitandi rangfærslur að til hafi staðið að uppboðsbeiðandi lánaði honum fé til að greiða vexti af skuldum við bankann.

Uppboðspoli telur að uppboðsbeiðandi hafi án heimildar tekið út af framangreindum reikningi og lækkað höfuðstól skuldabréfs, sem er dóm-skjal nr. 14 í máli þessu, en uppboðspoli vísar til dómskjals nr. 15, þar sem komi fram mótmæli uppboðspola við þessum gerðum uppboðsbeiðanda og farið fram á að fjárhæðinni yrði ráðstafað til greiðslu á vöxtum af skuldabréfum er féllu í gjalddaga 1. maí 1987, og þar með væru bréfin í fullum skilum. Svo ótvíræð þurfi ákvæði skuldabréfs að vera að jafnist á við gilt dómsorð. Þá telur hann að ljósrit skuldabréfs sé ekki nægjanleg uppboðsheimild. Hann telur, að skuldabréf, sem háð séu vísitöluákvæðum, séu engan veginn eins glögg og verði að krefjast, auk þess sem í máli þessu skorti öll gögn til staðfestingar á að rétt sé að málum staðið. Hann telur að jafnvel þótt engin mótmæli væru borin fram af gerðarpola bæri að hafna kröfum um uppboð vegna óglöggs skuldabréfs og vanreifunar vegna vöntunar á öðrum gögnum. Þá telur hann, að uppboðsbeiðandi hafi notað fé uppboðspola til að lækka annað skuldabréf án heimildar, en hluta þess fjár hafi uppboðspoli ætlað að nota til að skuldajafna við einu gjaldföllnu greiðsluna af bréfinu. Telur hann, að ekki komi til greina að fallast á uppboð nema uppboðsbeiðandi leggi fram glögg gögn um, að honum hafi verið heimilt að nota kr. 1.330.000,00 á þann hátt sem hann hafi gert.

Uppboðsbeiðandi telur að ljóst sé að uppboðspoli geti ekki komið að öðrum vörnum í máli þessu en getur í 208. gr. eml. Í veðskuldabréfi því, sem krafa hans byggist á, segi m.a., að rísi mál út af skuldinni eða veðsetningunni megi reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. 18. kafla laga 85/1936. Hann vísar til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um að lög nr. 85/1936, um dómara, þinghöld, aðila, málflytjendur, málflytning, fresti, hafningu máls, aðilaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssekt,

málkostnað og úrskurði, taki til uppboða eftir því, sem við geti átt, nema öðruvísi sé mælt um í lögum. Einnig vísar hann til 223. gr. laga nr. 85/1936 þar sem sé að finna fyrirmæli um að ákvæði 9. og 10. og 14. kafla þeirra taki til málsmeðferðar fyrir uppboðsrétti þegar því verði við komið. Í hvorugu þessara lagaákvæða sé mælt fyrir um að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 verði beitt fyrir uppboðsrétti. Af dómafordæmi sé þó ljóst, að framangreind talning á þeim reglum laga nr. 85/1936, sem beitt verði í uppboðsrétti sé ekki tæmandi og sé því ekki fært að gagnálykta frá henni. Þær reglur, sem fram komi í 208. gr. laga nr. 85/1936 og takmarki heimildir í almennum einkamáli til að koma að vörnum gegn kröfum skv. vixli, tékka eða skuldabréfi, séu í samræmi við meginreglur, sem teljist gilda um heimildir til að hafa uppi mótbárur gegn viðskiptabréfakröfum. Verði því ekki séð að efni þessara reglna sé með þeim hætti að þær geti einungis átt við um rekstur mála fyrir almennum dómstólum. Í þessum efnum verði ekki heldur fram hjá því litið að eiganda veðskuldabréfs sé kleift, þrátt fyrir ákvæði þess um beina uppboðsheimild, að afla dóms almenns dómstóls um kröfu samkvæmt því og orki ekki tvímælis að tilvísun veðskuldabréfs til umrædds 17. kafla laga nr. 85/1936 yrði til þess að útiloka aðrar málsvarnir en 208. gr. laganna heimili við þær aðstæður. Í ljósi þessara atriða þyki verða að líta svo á, að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 verði beitt um kröfu skv. veðskuldabréfi fyrir uppboðsrétti, ef fullnægt er áskilnaði 3. tl. 208. gr. laganna, svo sem er í þessu máli.

Uppboðsbeiðandi telur því að ekki komi til álita aðrar varnir uppboðspóla en þær sem falla innan marka 1. og 3. mgr. 208. gr. einkamálalaga. Ljóst sé að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við hér. Hann telur uppboðspóla bera sönnunarbyrði á því að uppboðsbeiðandi hafi ætlað að lána honum meira fé en skuldum hans nam þegar um það var samið, og slíkri sönnunarfærslu geti hann ekki komið að í þessu máli. Hann telur að samkvæmt reglum um viðskiptabréf væri eina skjalið, sem hann gæti byggt einhverjar varnir á, kvittun frá uppboðsbeiðanda um greiðslu vaxta sem gjaldféllu 1. maí 1987. Slíka kvittun hafi uppboðspóli ekki undir höndum af þeirri einföldu ástæðu að hann hafi ekki greitt vextina á gjalddaga né síðar. Hafi bankanum því verið heimilt að telja eftirstöðvar skuldarinnar fallnar í gjalddaga skv. ákvæðum veðbréfsins og heimilt að láta selja veðið á opinberu uppboði, sbr. 1. tl. B. 1. gr. laga 57/1949, 3. gr. laga nr. 18/1987 og 39. gr. laga nr. 68/1984.

Þá telur hann, að sú málsástæða uppboðspóla að telja ákvæði skuldabréfsins óglögg vegna vísitöluákvæða bréfsins, fái ekki staðist. Skuldin sé bundin lánskjaravísitölu, sem hafi verið skráð af Seðlabanka Íslands allt frá árinu 1979 og birt mánaðarlega, og fullnægi bréfið því þannig a-lið 4. tl. síðustu málsgreinar 39. gr. laga nr. 13/1979. Uppboðsbeiðandi

mótmælir einnig þeirri málsástæðu uppboðspola að leggja verði fram frumrit veðskjals sem uppboðsheimild í uppboðsrétti, fyrst og fremst að hún sé of seint fram komin. Einnig bendir hann á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949 eins og þeim hefur nýlega verið breytt, en þar komi fram, að eigi þurfi að leggja fram frumrit skjals til staðfestingar á uppboðsheimild nema uppboðshaldari krefjist þess, en þó skuli það gert eigi síðar en við uppboðs-sölu, sem enn hafi ekki farið fram.

Uppboðsréttur lítur svo á, að sú málsástæða uppboðspola, að ekki hafi verið lagt fram frumrit veðskjalsins á dskj. nr. 12, fái ekki staðist með vísan til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1987.

Veðskuldabréf það, sem uppboðsbeiðandi byggir kröfu sína á, liggur frammi í málinu í ljósriti, dskj. nr. 12. Uppboðsréttur lítur svo á, að sú málsástæða uppboðspola, að veðskjalið sé svo óljóst orðað vegna vísitölu-ákvæðis þess, að það geti ekki talist uppboðsheimild, fái ekki staðist með tilvísun til laga og reglugerða og þá einkanlega laga nr. 13/1979.

Að mati réttarins er það og ljóst, að málsmeðferð í máli þessu fari eftir ákvæðum laga nr. 85/1936 með tilvísun til 4. gr. laga nr. 57/1949, og lítur því rétturinn svo á að engar varnir af hálfu uppboðspola sé hægt að hafa uppi í máli þessu aðrar en þær, er koma fram í 208. gr. eml., nr. 85/1936, með tilvísun til 3. tl. 207. gr. sömu laga.

Af málskj. er ljóst að hinn 29. janúar 1987 hefur höfuðstóll veðskulda-bréfs, upphaflega að fjárhæð kr. 17.500.000,00, verið lækkaður um kr. 1.330.000,00, vegna innstæðu eftir skuldbreytingu milli aðila. Yfirlýsing árituð á framangreint skuldabréf er ekki undirrituð af uppboðspola. Uppboðsbeiðandi hefur ekki sýnt fram á það, að uppboðspola hafi verið tilkynnt um framangreinda ráðstöfun á framangreindri inneign á hlr. 566, og ekki sýnt fram á að hann hafi tilkynnt uppboðspola eða lántakanda að framangreind lækkun á höfuðstól veðskuldabréfsins hafi verið gerð. Með bréfi, dags. 10. desember 1987, vekur uppboðspoli máls á þessu og mótmælir millifærslu af hlr. 566 inn á skuldabréfið. Með bréfi, dags. 17.12. 1987, er framangreindu mótmælt af hálfu uppboðsbeiðanda.

Uppboðspoli hefur ekki sýnt fram á greiðslu á framangreindum gjaldföllnum vöxtum af skuldabréfi sem er uppboðsheimild í máli þessu. Greiðslustaður skuldabréfsins er í Útvegsbanka Íslands. Uppboðspoli greiddi ekki vexti, svo sem honum bar, á gjalddaga né heldur síðar. Hann hafði ekki réttmæta ástæðu til að ætla það að uppboðsbeiðandi myndi annast um greiðslu á gjaldföllnum vöxtum bréfsins. Þar sem veruleg vanskil voru orðin á greiðslunni var uppboðsbeiðanda heimilt að gjaldfella skulda-bréfið. Auk þess er eftirfarandi ákvæði í verðbréfinu sjálfu: „...eða sé leitað fullnægju í því fyrir greiðslu er gengur fyrir skuld þessari“, og er ljóst að þegar gjaldfelling átti sér stað hafði þegar verið beðið um nauðungarupp-

boð og fyrsta sala farið fram á framangreindri eign vegna veðbréfa, sem gengu fyrir veðskuld veðbréfsins.

Krafa uppboðsbeiðanda er því að öllu leyti tekin til greina, og er ákveðið að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C í Njarðvík fari fram á fasteigninni sjálfri miðvikudaginn 29. júní nk. kl. 11.00 fyrir hádegi að undangenginni auglýsingu.

Með tilliti til framangreinds ber sóknaraðila, Skipasmiðjunni Herði hf., að greiða varnaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., kr. 25.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Eysteinnsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna mikilla anna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Fitjabraut 6 C, Njarðvík, eign Skipasmiðjunnar Harðar hf., skal fara fram miðvikudaginn 29. júní 1988 kl. 11.00 fyrir hádegi að kröfu Útvegsbanka Íslands hf.

Sóknaraðili, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði varnaraðila, Útsvegsbanka Íslands hf., kr. 25.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.